



VIÐBRÖGÐ VIÐ ÁFÖLLUM NEMENDA

Endurskoðað síðast vor 2024

Áfallaráð er skipað skólastjóra og tveimur úr starfsliði skólans, yfirleitt skólasálfræðingur og náms- og starfsráðgjafi. Allir kennarar og starfsfólk skólans taka þátt í viðbrögðum eftir því sem við á.

Viðbragðsáætlun þessi nær til:

- Slys á skólatíma.
- Viðbrögðum við tilkynningum um langtímaveikindi starfsmanna.
- Alvarlegra slys á nemanda, fjölskyldumeðlima eða starfsmanna utan skólatíma.
- Alvarlegra slys á nemanda eða starfsmanni á skólatíma.
- Andláts nemanda, starfsmanns eða aðstandenda nemanda.
- Náttúruhamfara og stórslys.



Fyrstu viðbrögð:

- Sá starfsmaður sem fyrstur fær upplýsingar um slys/áfall kemur þeim upplýsingum til forsvarsmanna áfallaráðs.
- Forsvarsmenn áfallaráðs staðfesta að upplýsingar séu réttar og kalla síðan ráðið saman á fund.
- Áfallaráð virkjar aðgerðaráætlun og hefur upplýsingagjöf.

Upplýsingagjöf

Áfallaráð fundar um áfallið eftir að það hefur verið staðfest og í kjölfar þess hefst vinna við fyrstu upplýsingagjöf vegna þess. Forsvarsmenn áfallaráðs hafa samband við fjölskyldu þess



VIÐBRÖGÐ VIÐ ÁFÖLLUM

er málið varðar og votta samúð fyrir hönd skólans þegar við á og ræða óskir fjölskyldu varðandi upplýsingar. Kennari viðkomandi nemanda athugar hvort nemandinn á náinn ættingja innan skólans sem þarf að fá fregnina sérstaklega, sé um nemanda að ræða og einnig ef um starfsmann er að ræða. Áfallaráð hefur samband við sálsgæsluaðila, sé þess óskað, og ákveður samstarf vegna málsins.

Á fundi áfallaráðs þarf að hafa eftirfarandi í huga:

- ☐ Hvernig á að haga næsta skóladegi?
- ☐ Hvernig getur skólinn minnst hins látna ef um andlát er að ræða?
- ☐ Hvernig best er að sinna öðrum nemendum?
- ☐ Hvort og hvert á að leita utanaðkomandi aðstoðar fyrir nemendur og/eða starfsfólk?
- ☐ Ef um dauðsfall er að ræða, hvernig getur skólasamfélagið stutt fjölskyldu hins látna?

Viðbragðsáætlun

Upplýsingar til nemenda

Skólastjórnandi tilkynnir um málið við upphaf skóladags sé það ákveðið. Umsjónarkennarar tilkynna um málið í sínum nemendahópi. Treysti umsjónarkennari sér ekki að greina frá atburðinum einn, getur hann farið fram á að sálsgæsluaðili sé með honum og/eða aðrir kennarar og starfsmenn. Mikilvægt er að huga vel að nemendum í kjölfar slíkra upplýsinga og fylgjast með líðan þeirra. Óski nemandi eftir stuðningi foreldra er haft samband við þá.

Upplýsingar til forsjáraðila

Forsvarsmenn áfallaráðs sjá um að hafa samband við forsjáraðila nemenda með tölvupósti eða símleiðis og tilkynna um málið. Mikilvægt er, hafi slys/andlát átt sér stað á skólatíma, að bregðast mjög hratt við. Ef um andlát er að ræða skal koma fram í bréfi til forsjáraðila: Hver hinn látni er og hvenær dauðsfallið átti sér stað. Fáein orð um algengustu viðbrögð barna við sorg og missi. Upplýsingar um hvernig skólinn hyggst bregðast við. Beiðni til forráðamanna um að efni bréfsins eigi ekki að fara inn á samfélagsmiðla.



Upplýsingar til starfsfólks

Forsvarsmenn áfallaráðs hafa samband við alla starfsmenn skólans ef áfallið verður utan skólatíma. Forsvarsmenn áfallaráðs hafa samband við þá starfsmenn sem eru frá vinnu og láti þá vita af atburðinum. Ef áfallið verður á skólatíma er starfsfólki skólans tilkynnt um málið strax og þeir upplýstir um viðbrögð og ferli. Starfsfólki er boðin áfallahjálp og viðtal við sálgæsluaðila óski það þess.

Upplýsingar til almennings/fjölmiðla

Meta þarf hvort tilefni sé til þess að málið sé tilkynnt á heimasíðu eða miðlum skólans eða til fjölmiðla og færa rök fyrir því í atvikaskráningu.

Eftirfylgni

Nemendur

Áframhaldandi stuðningur er nauðsynlegur í skólastarfinu eftir áfall. Kennarar, einkum umsjónarkennarar, þurfa að undirbúa sig fyrir það að nemendur vilji ræða hvað gerðist og sýni merki streitu. Mikilvægt er að nemendur geti tjáð tilfinningar sínar og hafi aðgang að sálgæslu utanaðkomandi aðila sé þess óskað.

Starfsfólk

Starfsmenn þurfa að gæta að eigin líðan. Mikið álag fylgir því ferli sem fer í gang við áfall og gæti verið stuðningur fyrir kennarasamfélagið að bæta við stuttum fundi í lok dags til að ræða málin og þau ferli sem eru í gangi stuttu eftir atvikið. Huga þarf að sálgæslu starfsfólks og þarf einhver slíkur stuðningur að vera í boði innan skólans.

Skráning



Það er á ábyrgð áfallaráðs að skrá niður viðbrögð og meta hvort aðgerðir teljist vel heppnaðar eða hvort þær þurfi að endurskoðaða. Áfallaráð heldur utan um þá stuðningsvinnu sem fer í gang innan skólans og skráir hjá sér atvik og viðbrögð þar til telja má að málinu sé lokið.

AÐGERÐAÁÆTLUN

MINNIHÁTTAR SLYS Á SKÓLATÍMA

- Huga að barninu og veita fyrstu hjálp ef hægt er.
- Hafa samband við forsjáraðila og gæta þess að fullorðinn aðili hlúi að barninu.
- Forsjáraðili beðinn um að huga að barni og meta hvort þörf sé á lækniáðstoð.
- Náist ekki strax í forsjáraðila, er barni komið á sjúkrastofnun og starfsmaður fylgir á myndfundum uns forsjáraðili kemur.
- Skrá í atvikaskrá.

Náttúruhamfarir og faraldrar

Skólastjóri kallar saman áfallaráð.

- Skólastjóri sendir tölvupóst til viðkomandi þar sem fram kemur eftirfarandi:
 - Stuðningur og skilningur á erfiðum aðstæðum.
 - Tilboð um áfallastuðning skólasálfræðings ef með þarf, óháð samþykki frá nemendaverndarráði.
 - Tilboð um samtal við skólastjóra/kennara að vild.
 - Tilboð um hvers kyns stuðning
 - Ósk um samþykki fyrir að senda póst á skólasamfélagið til útskýringar á stöðunni og því sem er í gangi.
 - Tilboð um að óska eftir að ákveðnum upplýsingum sé komið á framfæri við skólasamfélagið.
- Skólastjóri upplýsir starfsfólk eftir atvikum.



VIÐBRÖGÐ VIÐ ÁFÖLLUM

- a. Minna á tengingu skólasamfélagsins við viðburðinn og útskýra að sýna þurfi aðgát, stuðning og skilning.
- b. Útskýra hlutverk hvers og eins.
3. Skólastjóri sendir póst til allra forsjáraðila.
 - a. Upplýsa um tengingu skólasamfélagsins við viðburðinn og að skólasamfélagið ætli að gera sitt besta til að sýna stuðning.
4. Kennarar tala við nemendahópinn.
 - a. Upplýsa um tengingu við viðburðinn og að skólasamfélagið ætli að gera sitt besta til að sýna stuðning.
 - b. Gefa nemendum sem tengjast málinu svigrúm til að tjá sig ef þau vilja, án pressu.
5. Skólastjóri setur sig í samband við skrifstofu viðkomandi bæjarfélags ef við á til að nálgast réttar upplýsingar og tryggja rétt viðbrögð.
6. Hringja í starfsmann/forsjáraðila þeirra sem um ræðir eftir viku ef við höfum ekkert heyrt.
7. Staðan rædd á næsta nemendaverndarráðsfundi.

Langvinnir sjúkdómar og alvarleg slys nemenda/aðstandenda/starfsmanna utan skólatíma

1. Kennari greinir starfsfólki og nemendum frá því vegna slyss eða alvarlegra veikinda.
2. Kennari greinir viðkomandi hópi og starfsfólki skólans frá því ef alvarleg veikindi koma upp í fjölskyldu nemanda eða hann orðið fyrir slysi. Haft er samráð við viðkomandi fjölskyldu um upplýsingar og hjúkrunarfræðingur látinn vita, sé þess óskað.
3. Leitað er leiða til að styðja viðkomandi nemanda/starfsmann eins og hægt er.
4. Kennari er í sambandi við fjölskyldu nemanda og fylgist þannig með líðan og horfum og greinir samkennurum og starfsfólki frá því reglulega.
5. Áfallaráð skráir niður og fylgir eftir áætlun.

Alvarleg slys nemenda/starfsmanna á skólatíma

1. Hringja í 112 og gefa upp staðsetningu og eðli vandans. Jafnframt að hlúa að þeim slasaða og veita fyrstu hjálp með leiðbeiningum frá 112 neyðarlínu.



2. Fjarlægja nemendur af slysstað.
3. Ef um alvarlegt slys er að ræða sem er þó ekki lífshættulegt hringir tengiliður áfallaráðs í aðstandendur og veiti þeim upplýsingar um eðli málsins og hvert farið var með þann slasaða.
4. Ef um lífshættulegt slys er að ræða eða meðvitundarleysi skal biðja starfsmann á slysadeild að tilkynna slysið til aðstandenda.
5. Ef um bak eða höfuðáverka er að ræða hjá starfsmanni skal alltaf láta maka/aðstandenda vita af slysinu þó ekki sé farið á sjúkrastofnun.
6. Ef um alvarlegt slys er að ræða í vettvangsferð hópa gildir það sama og í grein 1-4, en einnig er hringt í starfsmenn skóla og þeir beðnir að koma og taka við hópi nemenda og koma þeim í skólann.
7. Nemendum sem verða vitni að alvarlegu slysi er veitt áfallahjálp og forráðamönnum þeirra greint frá málinu samdægurs. Tengiliðir áfallaráðs gerir það.
8. Starfsmönnum sem verða vitni að alvarlegu slysi er boðin áfallahjálp.
9. Áfallaráð er kallað saman.
10. Æskilegt er að fá ráðleggingar sérfræðinga um viðbrögð og sér áfallaráð um að afla ráðgjafar.
11. Slysaskýrsla skrifuð. Atvik tilkynnt til Vinnueftirlits sé um starfsmann að ræða.
12. Fundur haldinn um atburðinn og viðbrögð metin.
13. Nemendum sé greint formlega frá slysinu skv. ákvörðun áfallaráðs og þeir upplýstir um líðan viðkomandi á uppbyggjandi hátt til að minnka streitu.
14. Forsjáraðilum sé formlega greint frá atburðinum með bréfi.

Andlát nemanda/starfsmanns á skólatíma

1. Áfallaráð kallað saman
2. Kallað er til lögreglu og annarra sérfræðinga sem sjá um að aðstandendur fái réttar upplýsingar um málið áður en fjölmiðlar fjalla um það eða aðrir málinu óviðkomandi.
3. Sýni fjölmiðlar málinu áhuga skal vísa á skólastjóra.
4. Þess er gætt að nán skyldmennir hins látna sem eru við nám eða störf í skólanum hafi fengið fréttina áður en öðrum er tilkynnt um andlátíð.
5. Starfsfólki skólans er tilkynnt um andlátíð í næsta hléi og réttar upplýsingar gefnar um tildrög.



6. Sé um sjálfsvíg að ræða skal biðja fjölskyldu hins látna leyfis hvort að segja megi frá því þegar andlátíð er tilkynnt skólasamfélaginu.
7. Kennari (nema annað sé ákveðið) tilkynnir andlátíð í sínum hópi ef um nemanda er að ræða. Ef um starfsmann skóla er að ræða er nemendum viðkomandi kennara tilkynnt andlátíð sérstaklega.
8. Bréf skólastjóra til forsjáraðila í skólanum er sent og þess gætt að fara fram á það að efni bréfsins fari ekki út á samfélagsmiðla.
9. Fylgst er vel með nemendum samdægurs og teymisstjórar hafðir með sínum hópum. Börnum er gefinn tími til að spyrja spurninga og sýna viðbrögð. Starfsmenn og/eða sálsgæsluaðilar sem kallað er til geta haft kyrrðarstund, rætt atburðinn og svarað spurningum.
10. Reynt er að halda uppi eins eðlilegu skólastarfi og hægt er.
11. Skólinn sendir viðkomandi fjölskyldu strax samúðarkveðjur og blóm fyrir hönd kennara og starfsfólks.
12. Skólastjóri ásamt teymisstjóra og fulltrúa úr áfallaráði fara á útförina sem fulltrúar skólasamfélagsins.
13. Nemendur geta fengið aðstoð við að skrifa minningargrein óski þeir þess. Einnig geta þeir sent samúðarkveðju til aðstandenda.
14. Nemendur kunna að vilja fara til jarðarfararinnar. Í slíkum tilvikum er rétt að fá sálsgæsluaðila til þess að fræða nemendur um útförina og búa þá undir stundina. Einnig er mögulegt og jafnvel æskilegra að sálsgæsluaðili eigi sérstaka helgistund með nemendum á undan athöfninni sjálfri. Gott er að minnast þess að jarðarför er erfið reynsla fyrir vini og samnemendur og oft fyrsta upplifun af því tagi.
15. Áfallaráð er leiðandi í skipulagi þeirrar stuðningsvinnu sem fer í gang í kjölfar andlátsins.
16. Sé um sjálfsvíg nemanda að ræða skal fara í vel undirbúið forvarnar og stuðningsstarf með vinum og skólafélögum hins látna sem fyrst. Áfallaráð skipuleggur hvernig staðið sé að því.

Bækur um sorg og sorgarviðbrögð:

Sorg barna. Höf. Bragi Skúlason



VIÐBRÖGÐ VIÐ ÁFÖLLUM

Von, bók um viðbrögð við missi. Höf. Bragi Skúlason

Theme Creative Kindergarten Pro by Creative Themes.

Viðbragðsáætlun yfirfarin og endurskoðuð

Áætlun um viðbrögð við áföllum er endurskoðuð í hvert sinn sem hún er virkjuð og vandlega gætt að því að hún þjóni þeim tilgangi sem henni er ætlað.

Gert í apríl 2020. Endurskoðað síðast í desember 2023

Endurskoðist eigi síðar en í apríl 2026